


## **Fundargerð 64. fundar skólanefndar.**

**Dagsetning: Þriðjudagur 25. febrúar 2014, kl. 16.30.**

### **Viðstaddir:**

Jón Eggert Bragason, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sigríður Finsen, Anna Bergsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Ásthildur E Erlingsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Guðmundur Jensson áheyrnarfulltrúi nemenda og Lilja Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

- 1. Ársskýrsla 2013.** Jón Eggert dreifði útdrætti af ársskýrslu 2013. Fjölbrautaskóli Snæfellinga heldur fjárveitingu vegna samnings um neðri mörk árin 2013-14. Fyrir árið 2015 munu fjárframlög til FSN taka mið af nemendafjölda og gæti þurft að bregðast við því með með færri kennurum. Flestir áfangar sem eru í boði eru einnig í boði í dreifnámi. Fundur um skólasamning í menntamálaráðuneytinu verður 20. mars. Enn er óljóst með áform um styttingu náms til stúdentsprófs. Það eru þrjár brautir í FSN. Það er mikil fjölgun dreifnemenda en um 60 dreifnemendur eru skráðir á vorönn 2014. Einnig eru 14 nemendur frá Kvíabryggju, en fjórir kennarar fara reglulega þangað til að hitta þessa nemendur.
- 2. Ársreikningur 2013 drög.** Jón Eggert dreifði drögum af ársreikningi 2013. Fjölbrautaskóli Snæfellinga var rekinn með rekstraafgangi 2013 og stóð við samning sem gerður var við Mennta- og menningarmálaráðuneyti um að niðurgreiða halla frá fyrri árum. Rekstraráætlun vegna ársins 2014 verður líklega ekki samþykkt fyrr en ársreikningur hefur verið samþykktur.
- 3. Skólaakstur haustönn 2013 drög.** Jón Eggert upplýsti um skólaakstur á haustönn 2013. Það eru 92 nemendur í skólaakstri á Snæfellsnesi á haustönn 2013. Það hafa aldrei verið eins margir í skólaakstri.
- 4. Frásagnir af heimsókn nokkurra starfsmann FSN á Bett.** Það fór 10 manna hópur frá FSN til London á Bett sýningu. Sólrún kennari og Hrafnhildur aðstoðarskólameistari greindu frá ferðinni sem tókst mjög vel í alla staði. Sólrún og Anna Bergsdóttir töluðu um að Fjölbrautaskóli Snæfellinga ætti erindi á slíka ráðstefnu með kynningu á því sem hér er verið að gera. Kynna hversu framarlega í upplýsingafræði Fjölbrautaskóli Snæfellinga og Grunnskóli Grundarfjarðar eru. Jón Eggert upplýsti að FSN væri komin með 4 ípad fyrir kennara til að æfa sig á. Guðmundur Jensson nemandi upplýsti að í sumum tímum má hvorki nota tölvu né síma, en í öðrum tímum hvoru tveggja.



- 5. Námskrárvinna Fjölbrautaskóla Snæfellinga.** Ötul vinna við námskrá mun vonandi leiða til þess að FSN muni sækja um tilraunaleyfi til þess að kenna eftir nýrri námsskrá frá 2011, frá og með næsta hausti. Þetta mun hafa lítil áhrif á grunnskólanemendur sem útskrifast næsta vor, aðrar en þær að sterkir námsmenn yrðu innritaðir í nám sem skipulagt er sem þriggja og hálfis árs nám. Unnið er að skipulagi fjögurra brauta það er félags- og hugvísindabraut, náttúrubraut, listnámsbraut og framhaldsskólabraut. Áfangalýsingar þurfa að vera tilbúnar fyrir alla áfanga. Hrafnhildur sagði að vinnan væri mjög skemmtileg og þeir kennara sem eru að vinna í þessu eru mjög áhugasamir. Kjarninn er sá sami á öllum stúdentsbrautum en sérhæfingin ólík. Nám á framhaldsskólabraut líkur með framhaldsskólaprófi eftir þriggja til fjögurra anna nám. Fyrir 3. mars fer umsókn frá FSN í Sprotasjóð um listabraut en hér í FSN er kominn öflugur kennari til að kenna saum, textíl og fleira.
- 6. Samstarf skóla.** Tíu skólar á landsbyggðinni hafa hafið samstarf og skiptast á nemendum án gjalds. Jón Eggert mun sækja um í Sprotasjóð til þess að geta þróað þetta samstarf enn frekar og ekki síst með samstarfi kennara ólíkra skóla.
- 7. Framtíðarsýn.** Þann 29. janúar skrifaði Jón Eggert bréf til ráðherra þar sem hann óskaði eftir því að fá að kynna fyrir honum starfsemi FSN og hugmynd að þróunarverkefni. Fyrirhugað er að mennta- og menningarmálaráðherra fari um landið og kynni svokallaða „Hvítbók“ sem er stefnumörkun í menntamállum. Skólameistari hefur reynt að ná fundi með menntamálaráðherra í tengslum við heimsókn hans á Vesturland. Hugmyndin af þróunarverkefninu snýst um það að nemendur af upptökusvæði skólans hefji nám við FSN einu ári fyrr, það er 10. bekkur. Anna Bergsdóttir vill meiri flæði á milli grunn- og framhaldsskóla. Það eykur flækjustig að ekki er um sama rekstaraðila að ræða, það er ríki og sveitarfélag. Það er vilji skólanefndar að boða forystumenn sveitafélaganna á fund til þess að ræða þessa hugmynd. Anna Bergsdóttir vill að skólastjórar grunnskólanna á Snæfellsnesi komi að þessari umræðu. Ef boðið verður til fundar munu allir fá að vera með.
- 8. Önnur mál.**

  - Guðmundur Jensson áheyrnarfulltrúi nemenda sagði skólanefnd frá áfanganum SLT (söngur, leiklist og tónlist). Fyrirhugað er að setja upp söngleikinn Grease. Einnig upplýsti Guðmundur að það væri vilji nemendafélagsins að gera skilti með nöfnum rýmanna í samstarfi við skólayfirvöld.
  - Sólrún kennari sagði skólanefnd frá áfanga skipuðum nemendum af Snæfellsnesi og á Vestfjörðum þar sem verið er að rita pistil fyrir 10 ára afmælisrit Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Þar verður saga skólans rakin í máli og myndum. Kostnaður við prentun er verulegur og munu



---

nemendur sem standa að þessum áfanga sjá um að selja blaðið gegn vægu verði og safna auglýsingum. Þetta gengur mjög vel og eru þeir sem vilja koma góðum hugmyndum að, bæði í blaðið og sem viðburð í september þegar hátíðin verður haldin velkomnir. Það verður sett á fót nefnd sem þarf að halda vel utan um þetta.

**Fundi slitið: 17:50**